



ÁRSSKÝRSLA SAMTAKA UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKJA STARFSÁRIÐ 2021-2022

Lögð fram á aðalfundi samtakanna 11. maí 2022

Sýn SUT er að Ísland búi yfir sterkum, samkeppnishæfum upplýsingatækniiðnaði og að atvinnugreinin sé í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi.

Tilgangur SUT er að auka áhrif upplýsingatækni í þjóðfélaginu, sinna hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og sameina undir einum hatti upplýsingatæknifyrirtæki landsins. Stjórn SUT vinnur að því að tryggja að á Íslandi sé stafrænt umhverfi bæði í einkageiranum og hjá stjórnvöldum, skapa hagstætt og samkeppnishæft rekstrar- og starfsumhverfi fyrir upplýsingatæknifyrirtæki, auka nýsköpun í tækniiðnaðinum, efla tæknimenntun og auka vöxt í útflutningi greinarinnar.

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, SUT, starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI). Stjórn SUT vinnur að stefnumótun, forgangsroðun verkefna og málefnavinnu fyrir hönd fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði.

Tengiliðir SUT innan SI á starfsárinu voru Nanna Elísa Jakobsdóttir og Edda Björk Ragnarsdóttir, viðskiptastjórar á iðnaðar- og hugverkasviði.

Stjórn SUT og fulltrúar í stjórnnum og nefndum

Stjórn SUT var kjörin á aðalfundi þann 10. mars 2021. Nýr formaður tók við stjórnartaumunum, Gunnar Zoega, framkvæmdastjóri notendalausna Origo, en hann hafði áður setið í stjórn samtakanna. Auk hans voru endurkjörin í stjórn til tveggja ára þau Valgerður Hrund Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, og Tryggvi Hjaltason, sérfræðingur hjá CCP. Þá kom inn nýr í stjórn Jóhannes Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri Wise. Fyrir í stjórn sátu Jóhann R. Benediktsson, markaðsstjóri CURRON, Kristín Helga Magnúsdóttir, forstöðumaður vöru- og verkefnastýringar Creditinfo, og Haraldur A. Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis.

Stjórn SUT var því skipuð með eftirfarandi hætti:

Formaður

- Gunnar Zoega, Origo

Meðstjórnendur

- Kristín Helga Magnúsdóttir, Creditinfo
- Jóhann R. Benediktsson, Curron
- Jóhannes Helgi Guðjónsson, Wise
- Haraldur A. Bjarnason, Auðkenni
- Tryggvi Hjaltason, CCP
- Valgerður Hrund Skúladóttir, Sensa

Valgerður Hrund og Tryggvi sátu bæði í stjórn SI á starfsárinu.


Soffía Kristín Þórðardóttir frá Origo og Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir frá Marel eru fulltrúar SUT í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins.

Stjórn fundaði 10 sinnum á formlegum stjórnarfundum.

Félagsmenn

Félagsmenn SUT eru við skrif þessarar skýrslu 41 talsins. SUT er í forsvari fyrir fjölbreyttan hóp fyrirtækja en innan raða SUT eru jafnt fyrirtæki í hugbúnaðarþróun- og gerð sem og alhliða upplýsingatækniþjónustu sem innifelur allt frá síma- og fjarskiptajónustu til sölu á tæknibúnaði. Hér að neðan má sjá dreifingu á starfsemi félagsmanna SUT. Flokkarnir skarast á milli fyrirtækja, þannig getur eitt fyrirtæki tilheyrt tveimur eða fleiri.

Starfsemi félagsmanna SUT



Vinna SUT innan Samtaka iðnaðarins

Mikilvægt er að hafa í huga að starfsemi stjórnar SUT markast af þeirri vinnu sem fram fer á skrifstofu Samtaka iðnaðarins annars vegar og í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Á vettvangi skrifstofu SI er unnið heildstætt að umbótum á starfsumhverfi iðnaðarfyrirtækja; að gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu verði aukin, dregið verði úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði, að eftirlit sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum, dregið verði úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki og svo framvegis. SI hafa beitt sér ötullega í þessum málum og áherslur SUT hafa áhrif á þessa vinnu, fyrst og fremst í gegnum viðskiptastjóra SUT hverju sinni.

Þá hefur síðan árið 2016 verið starfrækt Hugverkaráð á vettvangi SI en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. Á vettvangi Hugverkaráðs eru rædd þau lykilmálefni sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginleg, til að mynda stuðningur við rannsóknir og þróun, aðgengi að sérfræðilþekkingu og fleira. Fulltrúar SUT eru virkir í vinnu Hugverkaráðs auk þess sem viðskiptastjóri SUT hverju sinni vinnur náið með Hugverkaráði og situr alla fundi. Þannig er tryggt að upplýsingaflæði sé á milli ólíkra aðila og samvinna sé um sameiginleg málefni.

Þessu til viðbótar er gott að halda til haga að aðrir starfsgreinahópar, til dæmis Samtök leikjafyrirtækja (IGI) og Samtök sprotafyrirtækja (SSP), eiga margt sameiginlegt með SUT en sami viðskiptastjóri sinnir þessum hópum og því er samtakamátturinn meiri en ef engin tenging væri á milli þessara hópa.

Stefnumál starfsársins

Stjórn SUT hefur út frá þessum ramma greint þau hagsmunamál sem vinna þarf að til þess að efla samkeppnishæfni upplýsingatækniiðnaðar á Íslandi. Með þessu fyrirkomulagi hefur stjórnin tækifæri til þess að einbeita sér að þeim hagsmunamálum sem beint snúa að upplýsingatækniiðnaðinum. Helstu atriðin má sjá á þríhyrningnum hér til hliðar.

Í upphafi starfsársins tók stjórn SUT þá ákvörðun að einbeita sér að þremur áhersluatriðum; (1) mannauðsmálum en undir þau falla aðgengi erlends tæknimenntaðs vinnuafls til Íslands og menntamál, (2) útboð á vegum hins opinbera og (3) stafræn umbreyting hins opinbera.

Stjórn SUT hefur þannig á árinu lagt ríka áherslu á að efla samskipti stjórnvalda og atvinnulífs og að framboð af tæknimenntuðu starfsfólki verði

aukið. Auk þess fór nokkur tími í að móta áherslur upplýsingatæknifyrirtækja inn í komandi kjaraviðræður og á kortlagningu á starfsemi samtakanna til þess að meta betur hvernig hagsmunagæslan nýtist félagsmönnum best.


Nánar er fjallað um vinnu við áherslumálin hér að neðan:

1. Mannauður

Um árábil hefur helsta hagsmunamál SUT verið að tryggja aðgengi að hæfu starfsfólki en borið hefur á því í auknum mæli að erfitt reynist að ráða rétt fólk og velja fyrirtæki þá oft að opna skrifstofur í öðrum löndum eða kaupa þjónustu að utan. Til mikils er að vinna fyrir íslenskt samfélag að tryggja að upplýsingatæknifyrirtæki geti vaxið hér á landi en ein lykilsforsendan fyrir því er öflugur mannauður. Á vettvangi SUT og SI hefur verið unnið að þessu málefni á tveimur sviðum; annars vegar hefur verið lögð áhersla á að hvetja stjórnvöld til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga og hins vegar að fjölga útskrifuðum úr háskólum á Íslandi með hæfni til þess að starfa í upplýsingatækniiðnaði.

Erlendir sérfræðingar:


Margt hefur áunnist í málefnum erlendra sérfræðinga á starfsárinu. Stjórn SUT ræddi málið ítarlega á stjórnarfundum og vann í samstarfi við aðra hópa hjá SI að því að koma málefni á kortið. Viðskiptastjóri SUT vann minnisblað um þær hindranir sem standa í vegi fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands og fór á fund ráðherra til þess að kynna niðurstöður þeirrar vinnu.



Ráðherra setti af stað vinnu í ráðuneytinu til þess að finna lausn á móttöku erlendra sérfræðinga og hefur viðskiptastjóri SUT átt í góðu samstarfi við starfsfólk ráðuneytisins.

Menntamál:

Stjórn SUT hefur lagt áherslu á að útskrifuðum úr STEM greinum fjölgi á næstu árum. Markmið SI í þessum efnum er að útskrifaðir úr STEM greinum árið 2025 verði 25% allra útskriftarnema. Ísland hefur lengi verið undir meðaltali OECD ríkjanna en árið 2019 voru útskrifaðir úr STEM greinum aðeins 16% af heildarfjölda útskrifaðra háskólanema. Þó horfir til bjartari tíma þar sem hlutfall nýskráðra í STEM greinum var á árunum 2018-2020 að meðaltali 28,5% yfir þessi þrjú ár. Þó var örlítið minna hlutfall nýskráninga í STEM haustið 2020 miðað við skólaárið 2018. Þar af er mikill meirihluti hjá Háskólanum í Reykjavík.



Til viðbótar við þetta hefur stjórn SUT lagt ríka áherslu á að tæknimenntun sé fjölbreyttari og að útskrifaðir hafi þekkingu og færni sem raunverulega nýtist atvinnulífinu. Þannig hefur stjórn SUT talað fyrir því að nemendum séu kenndir grunnþættir í tæknistörfum eins og skapandi hugsun og rökfræði á fyrri skólastigum og að þessi færni sé gegnumgangandi á seinni stigum.

Auk þessa hefur SUT lagt áherslu á að styrkja samband atvinnulífsins við háskólanema í tæknigreinum með áherslu á aukið starfsnám. Á haustmánuðum 2021 gafst félagsmönnum SUT tækifæri til þess að taka að sér starfsnema í samvinnu við tölvunarfræðideild Háskóla Íslands og vinna lokaverkefni með BS nemum í tölvunarfræðideild við Háskólann í Reykjavík. Stefnt er að því að efla frekar slíka samvinnu og auka stuðning stjórnvalda við starfsnám.

Innan Samtaka iðnaðarins starfar nú hópur starfsmanna að því að taka saman ofangreindar áherslur SUT auk annarra félagsmanna SI og stefnt er að því að kynna niðurstöður og tillögur til úrbóta fyrir ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar í maímánuði.

2. Stafræn umbreyting hins opinbera

Stjórn SUT ræddi snemma á starfsárinu mikilvægi þess að hvetja ríkið til þess að nýta þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja í auknum mæli í stað þess að koma á fót mannaflafrekum og dýrum upplýsingatæknideildum. Þegar tíðindi bárust af því að ráða ætti 40-60 sérfræðinga til Reykjavíkurborgar í því skyni að stafvæða starfsemi borgarinnar mótmælti SUT harðlega þeim fyrirætlunum. Málið var fyrirferðamikið í starfsemi SUT á haustmánuðum en stjórn SUT ásamt SI benti á að með því að ráða inn svo marga tæknimenntaða einstaklinga stefndi hún starfsemi tæknifyrirtækja í borginni í hættu auk þess sem skilvirkara og hagkvæmara væri að nýta þá tækni sem til er í atvinnulífinu. Stjórn SUT fundaði með fulltrúa Reykjavíkurborgar og kom sínum sjónarmiðum á framfæri. Nú stendur til að 75-80 prósent verkefnisins fari í útboð.

3. Útboðsmál

Stjórn greindi vankanta á útboðsmálum í upplýsingatækni en ljóst er að þau eru oft illa framkvæmd. Stjórn SUT hefur rætt fjölda atriða sem má lagfæra við opinber útboð en erfitt er að setja fingur á ákveðin atriði sem er þörf á að ráðast í strax. Fyrst og fremst þarf að auka skilning hjá framkvæmdaraðilum útboða og innkaupaðilum á starfsemi tæknifyrirtækja og auka samskipti um þarfir iðnaðarins þegar kemur að útboðsmálum.

Viðskiptastjóri SUT fundaði með fulltrúa Ríkiskaupa í maí 2022 þar sem fram kom að aukin áhersla væri nú lögð á nýsköpun í útboðum auk samskipta við markaðinn við hönnun útboða. Samtalínu verður haldið áfram á komandi mánuðum.

Mikilvægt er að greina á milli útboða á vegum ríkis annars vegar og á vegum Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga hins vegar en umkvörtunarefni við framkvæmd þessara aðila eru ólík. Á vettvangi Samtaka iðnaðarins hafa fleiri hópar kvartað yfir útboðum á vegum ríkis og sveitarfélaga og stendur til að stofna hóp til þess að fjalla um þessi mál og gera tillögu að útboðskerfi og lausn. SUT mun eiga fulltrúa í þessum hópi en nauðsynlegt er að halda hagsmunum tæknigeirans á lofti enda eru útboð í tæknimálum ólík öðrum útboðum.

Viðskiptastjóri SUT og lögfræðingur SI hefur á árinu leiðbeint og aðstoðað einstaka félagsmenn vegna útboðsmála.

4. Kjaramál

Stjórn SUT tók saman minnisblað um áherslur upplýsingatækniiðnaðar inní komandi kjaraviðræður eftir að hafa sent könnun á alla félagsmenn um málið. Félagsmenn SUT eru hluti af Samtökum atvinnulífsins og fara því SA með samningsumboð fyrir upplýsingatæknifyrirtæki. Stjórn SUT lagði áherslur á að uppfæra þyrfti vinnumarkaðsmódelið en kjaraviðræður eru gamaldags, taka ekki mið af þróun vinnumarkaðarins og því hafa kjarasamningar ekki þróast í takt við aukinn sveigjanleika starfa á almennum vinnumarkaði.

Stjórn SUT ræddi jafnframt að ekki væri hægt að líta fram hjá framboðshliðinni þegar kemur að umræðu um laun en gríðarlegur skortur er á tæknimenntuðum og sérfræðingum í hugverkageiranum hér á landi. Því tengjast hagsmunamál í tengslum við STEM greinar og erlenda sérfræðinga óhjákvæmilega umræðu um kjaramál starfsmanna UT fyrirtækja.

5. Nýsköpun

SUT hefur, ásamt öðrum hópum í Hugverkaráði SI, lagt áherslu á að endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsóknar og þróunar í nýsköpunarfyrirtækjum verði samkeppnishæfar við önnur lönd. Í mars 2020 var þak á þeim kostnaði sem má tiltaka vegna rannsóknar og þróunar hækkað í 1100 milljónir og hlutfall af endurgreiddum kostnaði hækkað í 25% fyrir stærri fyrirtæki en 35% fyrir þau minni. Þessar breytingar höfðu jákvæð áhrif á vöxt hugverkafyrirtækja og höfðu í för með sér fjölgun starfa og verkefna samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins. Þessi hækkun var tímabundin til tveggja ára en það var fagnaðarefni síðastliðið haust þegar ríkisstjórnin boðaði það í stjórnarsáttmála að hækkunin yrði fest í lög varanlega. SUT fagnaði því og öðrum áherslumálum í stjórnarsáttmála.

6. Kortlagning á starfsemi SUT og félagsmönnum

Félagsmenn SUT eru fjölbreyttur hópur og stjórn skoðaði það á starfsárinu hvert hlutverk samtakanna ætti að vera í hagsmunagæslu fyrir þennan hóp. Bæði lítil og stór fyrirtæki eru í samtökunum auk þess sem fyrirtæki eru ýmist í rannsóknum og þróun, sölu á eigin lausnum og sölu á lausnum frá þriðja aðila, þjónustu og sölu á búnaði. Þess vegna er mikilvægt að breiður hópur félagsmanna komi að stefnumótun og starfi samtakanna. Til þessa hefur verið lagt mikið upp úr því að hvetja fjölbreytta aðila til þess að gefa kost á sér til stjórnarsetu og þannig endurspeglar vilja meirihluta félagsmanna. Stjórn SUT vill gera betur í þessum efnum og leggja aukna áherslu á það á komandi mánuðum að félagsmenn séu upplýstir um gang mála innan SUT. Með það markmið í huga hefur stefnan verið að fjölga viðburðum fyrir félagsmenn, koma á fót fréttabréfi og þannig efla tengslin á milli félagsmanna og stjórnar.

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar og framtíðarsýn SUT

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2021-2025 er mikil áhersla lögð á hið stafræna og eflingu nýsköpunarumhverfisins og því eru spennandi tímar framundan fyrir SUT. Í sáttmálanum er talað um eflingu net- og fjarskiptaöryggis og vill SUT taka virkan þátt í þeirri umræðu. Því hefur verið rætt að stofna sérstaka faghópa innan Samtaka iðnaðarins undir merkjum SUT þar sem fjallað er um þessi mál og mótuð skýr stefna um hvert hlutverk stjórnvalda sé og hvernig má best styðja við íslensk fyrirtæki sem vilja tryggja net- og gagnaöryggi.

Lokaorð

Stjórn SUT hefur unnið ötullega að því að skilgreina betur hagsmuni upplýsingatæknifyrirtækja en ljóst er að um mjög fjölbreyttan hóp er að ræða. Framtíð SUT byggir fyrst og fremst á væntingum og óskum félagsmanna og því hvetur stjórn SUT félagsmenn til þess að vera í virku samtali við starfsmenn SI, stjórn og hvert annað. Saman erum við sterkari.